

Samþykkt um starfsþjálfun í kennaranámi

Sjötta þing KÍ haldið 1. – 4. apríl 2014 telur mjög áriðandi að sett verði í lög ákvæði um lágmarks vettvangsnám kennaranema en slík ákvæði er ekki að finna í núverandi lögum. Þar sem verulegur fjárskortur hefur hamlað starfi kennaramenntunarstofnana undanfarin misseri hefur ekki tekist í nægilega miklum mæli að veita nemum þennan mikilvæga undirbúning fyrir kennarastarfið. Einnig þarf að tryggja það að félagsmenn KÍ sem taka nema í starfsþjálfun njóti viðunandi starfskjara sem byggir á samkomulagi KÍ við viðkomandi háskóla. Þingið skorar á stjórnvöld að beita sér fyrir lögfestingu ákvæða um vettvangsnám og að auka fjárveitingar til þess þannig að nemendur fái góða og markvissa leiðsögn reyndra kennara við raunaðstæður.